



## Ávarp

Gylfa Magnússonar, formanns bankaráðs Seðlabanka Íslands,  
á 58. ársfundi Seðlabanka Íslands 28. mars 2019.

Hæstvirtur forseti Alþingis, forsætisráðherra, aðrir ráðherrar, bankastjórar, sendifulltrúar erlendra ríkja og aðrir góðir gestir. Ég býð ykkur velkomin og set hér með fimmtugasta og áttunda ársfund Seðlabanka Íslands.

Eins og áður hefur komið fram við þetta tækifæri er lögbundið hlutverk bankaráðs að hafa eftirlit með því að Seðlabanki Íslands starfi í samræmi við lög sem um starfsemina gilda. Auk þess staðfestir bankaráð ýmsar ákvarðanir og reglur sem seðlabankastjóri setur.

Í upphafi árs 2018 var bankaráð þannig skipað að formaður var Þórunn Guðmundsdóttir. Aðrir aðalfulltrúar voru Sveinn Agnarsson, Björn Valur Gíslason, Sigurður Kári Kristjánsson, Þór Saari, Frosti Sigurjónsson og Auður Hermannsdóttir. Nýtt bankaráð var svo kosið 18. apríl 2018. Kjörin aðalfulltrúar í bankaráðið voru Gylfi Magnússon, sem var kosinn formaður á fyrsta fundi nýkjörins ráðs, Þórunn Guðmundsdóttir, Bolli Héðinsson, Una María Óskarsdóttir, Sigurður Kári Kristjánsson, Jacqueline Clare Mallett og Frosti Sigurjónsson. Bankaráð hélt 15 fundi á árinu.

Eins og fram kemur í ársskýrslu þeirri sem liggur hér frammi sinnir Seðlabankinn reglubundnum verkefnum í tengslum við markmið bankans, auk ýmissa átaksverkefna.

Megináherslur í starfi Seðlabankans tengdust sem fyrr stjórn peningamála og fjármálastöðugleika. Þá var breytingaferli í átt til óheftra fjármagnshreyfinga stórt verkefni. Því fylgdi aukin yfirvaka og undirbúningur varúðarstefnu við ný skilyrði. Af öðrum stórum verkefnum má nefna endurskoðun á ramma og stjórnþækjum peningastefnunnar, umsýsla stórs gjaldeyrisforða og tengd vinna við að tryggja afkomu bankans, vinna við að viðhalda öryggi, skilvirkni og hagkvæmni í greiðslumiðlun og endurnýjun fjármálainnviða. Þá kölluðu verkefni tengd væntanlegri sameiningu Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins á nokkra vinnu, en hluti þeirrar vinnu var að endurskipuleggja upplýsingatækniþjónustu bankans. Af öðrum verkefnum má nefna vinnu að jafnlaunastefnu og jafnlaunavottun sem náðist um áramótin, og svo sérstakt verkefni við samantekt um efnahagsannál og sögulegar tímaraðir frá upphafi fullveldis Íslands sem birt var á heimasíðu bankans undir lok árs.

Á árinu var áfram unnið við viðamikid verkefni við endurnýjun á milli-bankakerfum bankans, svokölluðu jöfnunarkerfi og störgreiðslukerfi. Á árinu var einnig unnið að greiningu á innlendri smágreiðslumiðlun frá sjónarhóli viðbúnaðar og fjármálastöðugleika með vísan til þeirra breytinga sem eru að verða á fyrirkomulagi og uppgjörsframkvæmd greiðslukorta.

Samkvæmt lögum er meginmarkmið Seðlabanka Íslands að stuðla að stöðugu verðlagi. Jafnframt skal Seðlabankinn stuðla að fjármálastöðugleika. Verðbólga var nálægt verðból gumarkmiðinu, 2,5 prósentum, í upphafi ársins, en fór svo vaxandi, var að meðaltali 2,7 prósent og 3,7 prósent í lok ársins, sem er þó undir þeim fjórum prósentum sem kalla á skýrslugerð til ríkisstjórnar.

Peningastefnunefnd hélt meginvöxtum bankans óbreyttum meginhluta ársins, allt þar til í nóvember, þegar vextir voru hækkaðir um 0,25 prósentur. Þá ákvað peningastefnunefnd að breyta fyrirkomulagi bindiskyldu lánastofnana þannig að hún yrði bankanum ekki eins kostnaðarsöm, en þeirri breytingu var ekki ætlað að hafa áhrif á aðhaldsstig peningastefnunnar. Nánar er greint frá þessu í öðrum kafla ársskýrslu bankans sem hér liggur frammi.

Á árinu 2018 fór að gæta aukinnar óvissu um efnahagsþróun þótt hagvöxtur hafi verið talsverður, og áhætta í fjármálakerfinu jókst þótt hún væri enn talin hófleg. Aukna áhættu mátti helst rekja til ferðapjónustu og fasteignamarkaðar. Arðsemi bankanna minnkaði, útlánavöxtur var talsverður en þrátt fyrir auknar skuldir viðskiptavina minnkaði útlánaáhætta samfara bættri eignastöðu þeirra. Álagspróf fyrir stóru viðskiptabankana sem framkvæmt var á árinu gaf til kynna að bankarnir myndu standa af sér verulegt áfall sem stafað gæti af verulegum samdrætti í útflutningi og tekjum af ferðamönnum, ásamt hærri fjármögnunarkostnaði bankanna. Staða stóru viðskiptabankanna í árslok var traust; eiginfjárlutföll voru há og lausafjárstaða vel yfir lágmörkum. Um þetta er nánar fjallað í þriðja kafla ársskýrslunnar.

Eitt af meginhlutverkum Seðlabankans er að varðveita gjaldeyrisforða landsmanna. Gjaldyrisforðinn hefur verið nokkuð stór undanfarin ár. Á síðasta ári jókst hann um tæplega 50 milljarða króna og nam 736 milljörðum króna í árslok. Gengisbreytingar skýrðu að mestu stækkun forðans í íslenskum krónum reiknað.

Seðlabankinn annast fagleg og fjárhagsleg samskipti við alþjóðlegar stofnanir á starfssviði sínu, s.s. Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, Alþjóðagreiðslubankann, Efnahags- og framfarastofnunina, erlenda seðlabanka og fjármálaeftirlit.

Samkvæmt sérstökum samningi við fjármála- og efnahagsráðuneytið sér Seðlabankinn um erlendar lántökur ríkissjóðs, ásamt framkvæmd innlendra útboða, uppkaupa og innlausnar ríkisverðbréfa, gerð aðalmiðlara-samninga og umsjón með verðbréfalánnum til aðalmiðlara. Bankinn annast áhættu- og lánsfjárstýringu á lánasafni ríkissjóðs, sinnir verkum varðandi ríkisábyrgðir og fleira því tengt. Enn fremur hefur bankinn sinnt verkefnum sem snúa að samskiptum við alþjóðleg matsfyrirtæki fyrir hönd ríkissjóðs en þau verkefni hafa nú verið flutt yfir til fjármála- og efnahagsráðuneytis.

Svo sem fram hefur komið hefur Seðlabankinn sinnt gjaldeyriseftirliti, þ.e. eftirliti með framkvæmda laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismál og framkvæmd laga um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum eða svokölluðum aflandskrónulögum. Verkefni á því sviði hafa dregist verulega saman, enda hafa fjármagnshöft nánast að fullu verið losuð, þó að enn þurfi að sinna leiðbeiningum, eftirliti og rannsóknnum. Bankaráðið vann á síðasta ári og í upphafi þessa árs greinargerð vegna starfsemi gjaldeyriseftirlitsins sem skilað var til forsætisráðherra og hefur verið gerið opinber.

Eignasafn Seðlabanka Íslands ehf., sem var stofnað til að sýsla með kröfur Seðlabankans í bú innlendra fjármálafyrirtækja, dróst mjög saman á síðasta ári. Efnahagsreikningur ESÍ nam 4,4 ma.kr. í árslok, en starfsemi þess var svo endanlega slitið fyrir fáeinum vikum.

Samkvæmt rekstrarreikningi var hagnaður af rekstri bankans rúmlega 35 milljarðar króna á árinu 2018 en árið áður var tapið rúmlega 23 milljarðar króna. Jákvæð þróun í afkomu bankans skýrist einkum af völdum stórs gjaldeyrisforða og jákvæðum gengismun eins og sjá má í reikningum sem hér liggja frammi. Hrein vaxtagjöld voru ríflega 13 ma.kr.

Laun og launatengd gjöld jukust á árinu um 2,8% eftir að hafa dregist saman árið á undan um 3%. Heildarrekstrarkostnaður bankans jókst um 2,2% á árinu. Eignir bankans námu um 754 milljörðum króna í lok ársins og voru 98% eigna bankans erlendar. Eigið fé jókst úr 22 milljörðum í 58 milljarða króna. Eiginfjárhlutfall bankans var 7,7% í árslok samanborið við 2,9% í árslok 2017. Ekki kemur til ráðstöfunar á hagnaði þar sem framlög í varasjóð vegna óinnleysts hagnaðar eru meiri.

Í lok árs 2018 var samtals 181 starfsmaður í Seðlabankanum, fjórum færri en árið áður. Kynjahlutfallið hélst nokkuð jafnt, en í árslok störfuðu í bankanum 92 karlar og 89 konur. Í hópi framkvæmdastjóra voru sex karlar og sex konur fyrir áramótin, en það breyttist í upphafi árs þannig að konur í þeirri stöðu voru orðnar sjö og karlarnir fimm.

Þótt grunnverkefni Seðlabanka Íslands hafi ekki tekið róttækum breytingum frá stofnun bankans árið 1961, þ.e. að stuðla að stöðugleika í verðlagi og treysta undirstöður og virkni fjármálakerfis, þá hefur útfærslan og skipulagið tekið breytingum með vissu millibili, s.s. með lagabreytingum árin 1986, 2001, 2009 og 2013 sem tengdust vaxtafrelsi, verðbólgu- og markmiði, stofnun peningastefnufndar og aukinni áherslu á fjármálastöðugleika.

Nú stendur enn fyrir dyrum umtalsverð breyting á verkefnum og skipulagi Seðlabankans með áformum ríkisstjórnar um sameiningu Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins. Það mun því ekki mæða minna á stjórn og starfsfólki bankans á næstu árum en gert hefur undanfarið ef að líkum lætur. Áfram verður því þörf fyrir trausta umgjörð og skilvirka starfsemi. Í þeirri vinnu er mikilvægt að bankinn hafi yfir að ráða fullnægjandi tækjum og tólum til að sinna þeim viðskiptum og samskiptum sem krefjast má af miðbanka í nútíma samfélagi. En mest er um vert að til verkanna veljist hæft starfsfólk svo unnt sé að ná settum markmiðum. Bankinn þarf jafnframt að búa yfir fjárhagslegum styrk til að rækja lög- bundið hlutverk sitt.

Ég vil að lokum nota þetta tækifæri til að þakka starfsmönnum bankans fyrir gott samstarf á árinu 2018. Ég vil þakka fulltrúum í bankaráði, aðstoðarseðlabankastjórunum tveimur sem gegndu því embætti á árinu, ritara bankaráðs og innri endurskoðanda fyrir gott samstarf. Sérstaklega vil ég þó þakka Má Guðmundssyni seðlabankastjóra fyrir samstarfið á árinu, Hann tók við starfinu við fordæmalausar aðstæður og hefur staðið við stýrið í brúnni í áratug. Már lætur af embætti síðar á þessu ári og er þetta því síðasti ársfundur hans sem seðlabankastjóra. Már Guðmundsson mun hér á eftir fara yfir farinn veg og horfa svolítið fram á við, en fyrst skulum við hlýða á ávarp Katrínar Jakobsdóttur forsætisráðherra.